

Minnisblað

Til: Bæjarstjórn
Frá: Edda María Hagalín, fjármálastjóri
Dags. 1. júní 2021
Mnr. 2021030109



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Ársreikningur 2020, greining á frávikum frá áætlun

Ársreikningur 2020 sýnir nú rekstrarhalla upp á 608 m.kr. fyrir samantekinn rekstrarreikning A og B hluta. Fjárhagsáætlun fyrir sama tímabil gerir ráð fyrir rekstrarhalla upp á 379 m.kr.

Rekstrartekjur eru hærri en áætlun gerði ráð fyrir sem nemur 51 m.kr. og rekstrargjöld eru hærri en áætlun gerði ráð fyrir sem nemur 84 m.kr. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru 58,6 m.kr. hærri í kostnaði en áætlun gerði ráð fyrir og söluhagnaður (tap) eigna er 129 m.kr. hærra í kostnað en áætlað var. Rekstrarniðurstaðan er því 228,7 m.kr. neikvæðari en áætlun gerði ráð fyrir. Má rekja það til að mestu til tveggja liða. Annarsvegar breytingar á lífeyris- og orlofsskuldbindingu sem er 136 m.kr. hærri en áætlað var og síðan vegna sölutaps á íbúðum í Sindragötu sem nam 108 m.kr. og ekki var áætlað fyrir. Söluhagnaður vegna íbúða fasteigna Ísafjarðarbæjar var jafnframt áætlaður 40 m.kr. en varð 18 m.kr. Sjá nánari greiningu hér að neðan, annarsvegar niður á rekstrarliði og svo niður á málaflokka og að lokum yfirlit yfir viðauka sem gerðir voru á árinu 2020.

Greining á ársreikningi 2020 og áætlun með viðaukum – RR A og B hluti

REKSTRARREIKNINGUR	JAN - DES 2020		[2020U/ 2020Á]	%	mism. Kr	Samþykkt áætlun 2020	[2020U/ 2020s] %	Ársreikningur 2019	[2020U/ 2019] %
	Uppgjör	Áætlun 2020_MV							
Rekstrartekjur									
- Útsvar	-2.224.804.639	-2.264.227.343	-1,7%	39.422.704	-2.340.479.080	-4,9%	-2.204.283.314	0,9%	
- Framlög jöfnunarsjóður	-914.879.184	-778.311.400	17,5%	-136.567.784	-929.352.689	139,4%	-987.058.589	125,4%	
- Fasteignaskattar	-438.620.668	-439.888.314	-0,3%	1.267.646	-439.888.314	405,8%	-401.325.260	454,4%	
- Sölutekjur	-101.729.892	-88.148.494	15,4%	-13.581.398	-85.648.494	2497,6%	-92.421.153	2307,2%	
- Þjónustutekjur	-570.957.488	-614.980.431	-7,2%	44.022.943	-774.425.452	187,3%	-772.716.917	187,9%	
- Eignatekjur	-213.017.036	-209.789.121	1,5%	-3.227.915	-216.056.862	929,7%	-218.920.131	916,3%	
- Aðrar tekjur	-670.459.200	-689.065.362	-2,7%	18.606.162	-613.916.791	262,4%	-636.089.206	249,8%	
- Millifærslutekjur	-1.235.529.843	-1.234.370.429	0,1%	-1.159.414	-1.234.370.429	80,2%	-1.204.088.872	84,8%	
Rekstrartekjur alls	-6.369.997.950	-6.318.780.894	0,8%	-51.217.056	-6.634.138.111	-66,5%	-6.516.903.442	-65,9%	
Rekstrargjöld									
- Laun og launatengd gjöld	2.885.984.605	2.882.476.445	0,1%	3.508.160	2.766.386.568	-180,4%	2.629.330.293	-184,6%	
- Breyting lífeyris- og orlofsskuldb.	211.207.576	75.480.607	179,8%	135.726.969	75.352.217	-3052,5%	190.009.846	-1270,9%	
- Vörukaup	174.940.564	187.499.605	-6,7%	-12.559.041	173.246.388	-1384,2%	154.133.596	-1543,4%	
- Þjónustukaup	877.686.803	892.572.261	-1,7%	-14.885.458	781.491.853	-384,7%	759.967.464	-392,7%	
- Orkukostnaður	132.938.851	152.765.337	-13,0%	-19.826.486	152.765.337	-1556,4%	146.727.558	-1616,3%	
- Viðhaldskostnaður	310.832.800	329.249.260	-5,6%	-18.416.460	375.115.654	-693,1%	345.273.152	-744,4%	
- Önnur rekstrargjöld	111.417.191	100.594.988	10,8%	10.822.203	100.692.988	-2309,5%	89.861.127	-2575,8%	
- Styrkir og annað	340.955.221	343.018.840	-0,6%	-2.063.619	306.629.380	-825,6%	265.869.554	-936,8%	
- Skattar og gjöld	89.934.694	85.817.547	4,8%	4.117.147	85.767.547	-2694,0%	84.018.480	-2748,0%	
- Afskriftir	231.099.309	223.865.408	3,2%	7.233.901	223.865.408	-1093,8%	228.538.345	-1073,5%	
- Millifærslugjöld	1.241.703.235	1.243.558.941	-0,1%	-1.855.706	1.243.558.941	-278,9%	1.202.626.527	-285,0%	
Rekstrargjöld alls	6.608.700.849	6.516.899.239	1,4%	91.801.610	6.284.872.281	-135,4%	6.096.355.942	-136,5%	
Rekstrarniðurstaða án fjárm.liða									
	238.702.899	198.118.345	20,5%	40.584.554	-349.265.830	537,0%	-420.547.500	429,0%	
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld									
	279.891.766	221.265.832	26,5%	58.625.934	221.265.830	-1105,5%	226.160.868	-1083,7%	
Söluhagnaður (tap) eigna	89.463.657	-40.000.000	-323,7%	129.463.657	-40.000.000	5462,0%	-43.964.809	4960,4%	
Rekstrarniðurstaða									
	608.058.322	379.384.177	60,3%	228.674.145	-168.000.000	1224,3%	-238.351.441	833,4%	

Greining á ársreikningi 2020 og áætlun með viðaukum – Rekstrareikningur A hluti

A hluti eða sveitarsjóður samanstendur af Aðalsjóð, Eignasjóð og Þjónustumiðstöð. Ársreikningur 2020 fyrir A hluta sýnir nú rekstrarhalla upp á 564 m.kr. Fjárhagsáætlun fyrir sama tímabil gerir ráð fyrir rekstrarhalla upp á 372 m.kr.

Rekstrartekjur eru hærri en áætlun gerði ráð fyrir sem nemur 42 m.kr. og rekstrargjöld eru hærri en áætlun gerði ráð fyrir sem nemur 76,6 m.kr. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru 49 m.kr. hærri í kostnaði en áætlun gerði ráð fyrir og söluhagnaður (tap) eigna er 108 m.kr. hærra í kostnaði en áætlað var. Rekstrarniðurstaðan er því 192 m.kr. neikvæðari en áætlun gerði ráð fyrir. Má rekja það til að mestu til tveggja liða. Annarsvegar breytingar á orlofs- og lífeyrisskuldbindingu sem er 130 m.kr. hærri en áætlað var og síðan vegna sölutaps á íbúðum í Sindragötu sem nam 107,8 m.kr. og ekki var áætlað fyrir. Farið er nánar í frávík niður á rekstrarliði á næstu síðu og í framhaldinu er farið yfir frávík niður á sjóði ásamt yfirliti yfir viðauka sem gerðir voru á árinu.

REKSTRARREIKNINGUR A hluti	JAN - DES 2020				Sampykkt áætlun 2020	[2020U/ 2020s] %	Ársreikningur 2019	[2020U/ 2019] %
	Uppgjör	Áætlun 2020_MV	[2020U/ 2020A] %	mism. Kr				
Rekstrartekjur								
- Útsvar	-2.224.804.639	-2.264.227.343	-1,7%	39.422.704	-2.340.479.080	-4,9%	-2.204.283.314	0,9%
- Framlög jöfnunarsjóður	-914.864.568	-778.311.400	17,5%	-136.553.168	-929.352.689	139,4%	-987.058.589	125,4%
- Fasteignaskattar	-438.620.668	-439.888.314	-0,3%	1.267.646	-439.888.314	405,8%	-401.325.260	454,4%
- Sölutekjur	-51.440.507	-46.179.876	11,4%	-5.260.631	-43.679.876	4993,4%	-47.384.106	4595,3%
- Þjónustutekjur	-245.796.091	-273.283.031	-10,1%	27.486.940	-273.283.031	714,1%	-262.179.099	748,6%
- Eignatekjur	-21.002.961	-20.842.837	0,8%	-160.124	-20.842.837	10574,2%	-23.147.240	9511,5%
- Aðrar tekjur	-613.071.217	-644.775.888	-4,9%	31.704.671	-573.027.317	288,3%	-599.256.311	271,3%
- Millifærslutekjur	-1.168.292.977	-1.168.392.048	0,0%	99.071	-1.168.392.048	90,4%	-1.124.370.694	97,9%
Rekstrartekjur alls	-5.677.893.628	-5.635.900.737	0,7%	-41.992.891	-5.788.945.192	-61,6%	-5.649.004.613	-60,6%
Rekstrargjöld								
- Laun og launatengd gjöld	2.709.275.792	2.708.577.923	0,0%	697.869	2.590.177.532	-185,9%	2.452.460.591	-190,7%
- Breyting lífeyris- og orlofsskuldb.	204.765.909	74.907.259	173,4%	129.858.650	74.907.259	-3070,1%	190.741.529	-1266,4%
- Vörukaup	170.279.687	183.852.864	-7,4%	-13.573.177	169.581.147	-1411,9%	150.297.559	-1580,3%
- Þjónustukaup	799.602.843	841.223.387	-4,9%	-41.620.544	730.142.979	-404,7%	702.450.062	-416,7%
- Orkukostnaður	96.882.124	108.150.104	-10,4%	-11.267.980	108.150.104	-2157,1%	104.214.365	-2234,8%
- Viðhaldskostnaður	197.922.552	189.752.663	4,3%	8.169.889	221.448.806	-1104,7%	258.279.096	-961,4%
- Önnur rekstrargjöld	84.150.368	81.513.902	3,2%	2.636.466	81.611.902	-2826,1%	73.739.035	-3117,1%
- Styrkir og annað	335.486.952	339.978.840	-1,3%	-4.491.888	303.589.380	-832,8%	265.257.024	-938,7%
- Skattar og gjöld	53.298.084	49.638.342	7,4%	3.659.742	49.588.342	-4586,5%	48.346.076	-4701,8%
- Afskriftir	147.124.191	140.446.151	4,8%	6.678.040	140.446.151	-1684,1%	146.236.277	-1621,4%
- Millifærslugjöld	1.142.205.411	1.146.388.743	-0,4%	-4.183.332	1.146.388.743	-294,1%	1.104.589.836	-301,4%
Rekstrargjöld alls	5.940.993.913	5.864.430.178	1,3%	76.563.735	5.616.032.345	-139,6%	5.496.611.450	-140,5%
Rekstrarniðurstaða án fjárm.liða	263.100.285	228.529.441	15,1%	34.570.844	-172.912.847	1186,7%	-152.393.163	1359,9%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	193.401.298	143.912.849	34,4%	49.488.449	143.912.847	-1645,9%	139.455.956	-1695,3%
Söluhagnaður (tap) eigna	107.768.537	0	#DIV/0!	107.768.537	0	#DIV/0!	-792.281	280710%
Rekstrarniðurstaða	564.270.120	372.442.290	51,5%	191.827.830	-29.000.000	7571,7%	-13.729.488	16104,6%

Rekstrartekjur:

- **Útsvar** er 39 m.kr. lægra en áætlun gerði ráð fyrir en niðufærsla skatttekna nam 17,4 m.kr. á árinu 2020 sem ekki var gert ráð fyrir. Eftirágreitt útsvar var einnig 18 m.kr. lægra en var gert ráð fyrir.
- **Framlag jöfnunarsjóðs** er 136,5 m.kr. yfir áætlun og er vegna endurskoðaðra áætlana frá jöfnunarsjóði og endurflokkun á tekjum jöfnunarsjóðs vegna tónlistarskóla samtals 25,6 m.kr. en þær tekjur voru áætlaðar á málaflakki 04 en skv. reglugerð 1212/2015 ber að flokka þær tekjur meðal framlaga jöfnunarsjóðs.
- **Sölutekjur** eru 13,6 m.kr. yfir áætlun
 - Velferðarsvið er 7,6 m.kr. yfir áætlun
 - 02020 Velferðarsvið, skrifstofa, er 2,9 m.kr. yfir áætlun vegna seldra vinnu og þjónustu sem ekki var áætluð en um er að ræða þjónustusamning við Súðavíkurbrepp sem tók gildi 1. apríl 20.
 - 02441 Matarþjónusta aldraðra, er 3,7 m.kr. hærri en áætlað var vegna meiri umsvifa sem rekja má til covid.
 - 02570 Skammtímavistun er 1,2 m.kr. umfram áætlun vegna aukinnar vistunar.
 - Æskulýðs og íþróttamál eru 2,3 m.kr undir áætlun
 - 06650 Skíðasvæði er 2,5 m.kr. undir áætlun vegna takmörkun á opnun.
 - Skipulags- og byggingarmál er 1,5 m.kr undir áætlun:
 - 09700 Malarnám, Kirkjubóli er 1,5 m.kr. undir áætlun.
 - Atvinnumál eru 1,9 m.kr. undir áætlun
 - 13620 Tjaldsvæði er 1,1 m.kr. lægri en áætlun vegna minni umsvifa.
 - 13630 Upplýsingamiðstöð Vestfjarða er 0,8 m.kr. lægri en áætlun lægri endursölu.
 - Þjónustumiðstöð, seld vinna og þjónusta er 2,4 m.kr. yfir áætlun vegna fleiri verkefna.
 - Hafnarsjóður er 1,8 m.kr. yfir áætlun
 - 41060 Rafmagn, vatn til endursölu er 2,7 m.kr. herra en áætlun. Þetta skýrist af meiri sölu en áætlað. Einnig hafa verið settir nýir mælar til að aflestur verði nákvæmari
 - Vatnsveita er 7,4 m.kr. herra en áætlun vegna aukningar í seldu rúmmagni vatns.
- **Þjónustutekjur** eru 44 m.kr. undir áætlun
 - Fræðslumál eru 17,8 m.kr. undir áætlun
 - 04120 Sólborg er 7,4 m.kr. undir áætlun vegna lægri vistgjalda og fæðisgjalda en var áætlað. Ástæðuna má rekja til covid þar sem leikskólinn var lokaður allan hluta apríl og maí mánuð og með skerta opnun fram í september.
 - 04160 Grænigarður Flateyri, er 1,1 m.kr. undir áætlun v. covid
 - 04190 Tjarnabær, Suðureyri er 1,6 mkr. Undir áætlun v. covid
 - 04220 Dægradvöl er 3,7 m.kr undir áætlun v. covid
 - 04230 Mötuneyti GÍ er 5,4 m.kr. undir áætlun v. covid
 - Æskulýðs- og íþróttamál eru 9,2 m.kr. undir áætlun

- 06560 Íþróttamiðstöðin á Flateyri er 2,6 m.kr. Undir áætlun vegna lokunar sundlaugar þar sem viðgerð stóð yfir á þaki lengur en var áætlað.
 - 06650 Skíðasvæði, aðgangseyrir er 6,5 m.kr. undir áætlun vegna takmörkun á opnun vegna covid.
- Brunamál og almannavarnir eru 3,3 m.kr. undir áætlun þar sem nýr samningur um sjúkraflutninga tók ekki gildi fyrr en á miðju ári 2020 og tekjur því lægri en væntingar voru um vegna hækkunar samnings.
- Skipulags og byggingarmál eru 2 m.kr. yfir áætlun vegna aukninga á tekjum byggingafulltrúa þar sem hann hóf störf í maí 2020 og því náðist að anna fleiri verkefnum.
- Umferðar- og öryggismál eru 2,3 m.kr. yfir áætlun
 - 10010 Gatnagerðagjöld eru 2,3 m.kr. hærri en áætlun v. viðb. Eyrarskjól sem ekki var áætlað gatnagerðagjöld vegna.
- 11210 Skráður er 1 m.kr. lægri en áætlun v. aðgangseyris sem var áætlaður en skilaði sér ekki þar sem lítil aðsókn var vegna covid og fárra ferðamanna.
- 41 Hafnarsjóður er 12,2 m.kr. undir áætlun
 - Almenn hafnargjöld eru 15,6 m.kr. lægri en áætlað var.
 - Seld þjónusta vogargjalds er 3,5 m.kr. hærri en áætlað var.
- **Eignatekjur** eru 3,2 m.kr. hærri en áætlun.
 - Æskulýðs- og íþróttamál eru 1,9 m.kr. undir áætlun vegna lægri leigutekna á Íþróttahúsinu Torfnesi um 1,3 m.kr. og á skíðasvæðinu um 0,6 m.kr. Rekja má þessa lækkun til covid.
 - Sameiginlegur kostnaður er 1,6 m.kr yfir áætlun vegna hærri húsaleigutekna á ónotuðu húsnæði Eignasjóðs en áætlað var.
 - Hafnarsjóður er 2 m.kr. yfir áætlun
 - Fasteignir Ísafjarðarbæjar er 1,3 m.kr. yfir áætlun vegna hærri leigu en áætlað var.
- **Aðrar tekjur** eru 18,6 m.kr. yfir áætlun
 - 02 Velferðarsvið er með 28 m.kr. minni tekjur en áætlun:
 - 02110 Fjárhagsaðstoð er 6 m.kr. umfram áætlaðar tekjur v. framlags frá ríki vegna íþróttar og tómstundastyrkja.
 - 02590 Önnur þj. fatlaðra BsVest, 41,5 m.kr. undir áætlun en gerður var viðauki á árinu 2020 til að mæta auknum kostnaði vegna covid og hafa þær tekjur ekki skilað sér.
 - 04 Fræðslumál eru 3,2 m.kr. hærri tekjur en áætlun:
 - 04210 GÍ er 5 m.kr. hærri tekjur en áætlun vegna námsleyfis.
 - 04510 Tónlistarskóli Ísafjarðar er 14,76 m.kr. lægri tekjur en var áætlað v. JS þar sem tekjurnar voru endurflokkaðar á deild 00100 Js.
 - 04810 LRÓ er 6,375 m.kr. lægri tekjur en var áætlað v. JS þar sem tekjurnar voru endurflokkaðar á deild 00100 Js.
 - 06 Æskulýðs- og íþróttamál eru 5,4 m.kr. meiri tekjur en áætlun:
 - 06270 Vinnuskólinn er 5,2 m.kr. meiri tekjur en áætlun vegna sumarátaksstörf námsmanna 2020 sem fékkst styrkt

- Hreinlætismál eru 2,4 m.kr. lægri tekjur en áætlun
 - 08230 Eyðing sorps er 2,4 m.kr. undir áætlun vegna lægri endurgreiðslna en var áætlað, kostnaður vegna urðunar er lægri sem þessu nemur.
- 09 Skipulags- og byggingamál eru 8,5 m.kr. lægri tekjur en áætlun vegna 5 m.kr. lægri endurgreiðslna út af aðalskipulagi sem ekki var farið í og 3,6 m.kr. er vegna tekna sem nú eru meðtaldar sem millifærslur vegna 20% launa sviðsstjóra hjá Fasteignum Ísafjarðarbæjar.
- 10 Umferðar- og öryggismál eru 2,5 m.kr. yfir áætlun og er vegna þess að vetrarþjónustu 2019 var greidd á árinu 2020 og vegna auka styrks frá Vegagerð.
- Óvenjulegir liðir eru 25 m.kr. yfir áætlun vegna styrks út af snjóflóðinu á FL.
- 31 Eignasjóður er 7,7 m.kr. undir áætlun en áætlaðar voru viðbótar tjónabætur upp á 10 m.kr. vegna íþróttahús Flateyri sem fékkst ekki.
- Hafnarsjóður er 11,8 m.kr. yfir áætlun vegna tjónabóta að fjárhæð 8,8 m.kr. vegna snjóflóðs á Flateyr og 2,8 m.kr. vegna þóknunar frá Vegagerð vegna Hafnarframkvæmda sem ekki var gert ráð fyrir.
- Þjónustuíbúðir Hlíf eru 5 m.kr. undir áætlun en miklar breytingar hafa verið gerðar á starfsemi Hlíf sem erfitt var að áætla fyrir.
- Fasteignir Ísafjarðarbæjar eru 4,2 m.kr. yfir áætlun vegna tjónabóta sem fengust.

Rekstargjöld

- **Laun og launatengd gjöld** eru 3,5 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Sjá nánar í minnisblaði um skatttekjur og laun fyrir janúar til des 2020.
- **Breyting lífeyrisskuldbindinga og orlofsskuldbindingar** er 135,7 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Lífeyrisskuldbindingin var um áramótin 93 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir og hækkun hluts í greiddum lífeyri nam 14,4 m.kr. meira en áætlað var. Hækkun orlofsskuldbindingar er 28 m.kr. umfram áætlun en af því eru 7,5 m.kr. vegna laun og launatengdra gjalda sem vantaði í útreikningana í kjarna. Hér hefur hækkunin verið vanáætluð en mestu munar á velferðarsviði þar sem orlofsskuldbindingin er 5 m.kr. hærri en var áætlað og svo í fræðslumálum þar sem orlofsskuldbindingin er 18,1 m.kr. hærri en var áætlað.
- **Vörukaup** eru 12,6 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir.
 - Velferðarsvið er 6,2 m.kr. yfir áætlun og eru 5,4 m.kr. vegna meiri innkaupa í matarþjónustu aldraðra sem rekja má til meiri aðsóknar í matarþjónustu v. covid.
 - Fræðslumál eru 13,2 m.kr. undir áætlun vegna minni matarinnkaupa þar sem mötuneyti voru lokuð vegna covid.
 - Menningarmál eru 2,2 m.kr. undir áætlun vegna minni innkaupa hjá Safnahúsinu
 - Æskulýðs og íþróttamál eru 5,3 m.kr. undir áætlun og eru 3,3 m.kr. af því vegna minni innkaupa hjá Skíðasvæðinu þar sem starfsemin lá niðri vegna covid.

- Brunamál og almannavarnir eru 2 m.kr. yfir áætlun og er 1,2 m.kr. vegna minni innkaupa slökkvitækjaþjónustu.
- **Þjónustukaup** eru 14,9 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir.
 - 02 Velferðarsvið er 13,7 m.kr. yfir áætlun. Matarþjónusta er 6,9 m.kr. yfir áætlun v. kostnaðar sem áður var bókaður á þjónustuíbúðir aldraðra, Tjörn, en er réttilega kostnaður vegna matarþjónustu. Ferðaþjónusta fatlaðra er 4,5 m.kr. fram úr áætlun v. nýs samnings með verulegri hækkun og v. fjölgun ferða.
 - 04 Fræðslumál eru 19,8 m.kr. undir áætlun.
 - 06 Æskulýðs og íþróttamál eru 2,6 m.kr. undir áætlun
 - 08 Hreinlætismál eru 6,1 m.kr. yfir áætlun vegna meiri kostnaðar við eyðingu sorps en var áætlað.
 - 09 Skipulags- og byggingamál eru 9,3 m.kr. undir áætlun þar sem aðalskipulag og deiluskipulag er styttra á veg komið en var áætlað.
 - 10 Umferðar- og öryggismál eru 6,5 m.kr. yfir áætlun og eru 5,3 m.kr. vegna meiri snjómoksturs en var áætlað.
 - 11 Umhverfismál eru 7 m.kr. undir áætlun. Skróður er 2,9 m.kr. undir áætlun, opin svæði eru 3 m.kr. undir áætlun og lóðahreinsun 2,2 m.kr. undir áætlun. Má rekja þessi frávik til takmörkunar á verkefnum vegna covid.
 - 13 Atvinnumál eru 3 m.kr. undir áætlun. Atvinnumál almenn eru 1,6 m.kr. undir áætlun, tjaldsvæði 0,5 m.kr. undir áætlun og Upplýsingamiðstöðin 0,5 m.kr. undir áætlun.
 - 21 Sameiginlegur kostnaður er 5 milljón króna undir áætlun þar sem aðkeypt þjónusta varð minni en áætlað var.
 - 27 Óvenjulegir liðir eru 20,7 m.kr. undir áætlun vegna ófyrirséð kostnaðar sem var áætlaður en ekki nýttur í viðaukum.
 - 41 Hafnarsjóður er 9,4 m.kr. yfir áætlun og er 9,8 m.kr. vegna Hafnarmannvirki og -lýsing, vegna meiri snjómoksturs og sorphreinsunar en var áætlað vegna snjóflóðs á Flateyri.
 - 43 Vatnsveita er 3,7 m.kr. yfir áætlun og eru 2,7 m.kr. vegna skaðabóta út af máli við OV.
 - 53 Þjónustuíbúðir eru 8,9 m.kr. yfir áætlun en 5,7 m.kr. er vegna íbúða á Þingeyri vegna kostnaðar sem áætlað var fyrir undir önnur rekstrargjöld. Hlíf þjónusturými er síðan 3,5 m.kr. fram úr áætlun vegna kostnaðaráætlunar viðhalds sem unnið var af tækniþj. vestfj.
 - 55 Eyri hjúkrunarheimili er 2,4 m.kr. yfir áætlun vegna vegna máls út af gallaðri klæðningu sem ekki var á áætlun að fara í.
 - 61 Fráveita er 4,3 m.kr. yfir áætlun, hreinsu holræsa er 2,4 m.kr. yfir áætlun og önnur aðkeypt þjónusta er 1,9 m.kr. yfir áætlun.
 - 67 Byggðasafn Vestfjarða er 2 m.kr. undir áætlun þar sem dregið var úr rekstri eins og hægt var vegna covid lokunar.
- **Orkukostnaður** er 20 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir og skýrist af útboði sem var á rafmagni og skilaði mun lægra verði. Helstu frávik eru:
 - 04 Fræðslumál, 1,4 m.kr. undir áætlun
 - 06 Æskulýðs- og íþróttamál, 10,4 m.kr. undir áætlun

- 41 Hafnarsjóður, 6 m.kr. undir áætlun
- 57 Fasteignir Ísafjarðarbæjar, 1 m.kr. undir áætlun
- **Viðhaldskostnaður** er 18,4 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð. Almennu var haldið að sér höndum vegna covid og hægt að sinna færri verkefni en var áætlað vegna manneklu. Einnig var einhverjum verkefnum frestað vegna fyrirséðar framúrkeyrslu hjá Eignasjóði vegna brýnni verkefna.
 - 06 Æskulýðs- og íþróttamál eru 1,9 m.kr. undir áætlun
 - 07 Brunamál og almannavarnir eru 1,1 m.kr. undir áætlun.
 - 10 Umferðar- og öryggismál eru 11,1 m.kr. undir áætlun.
 - 11 Umhverfismál eru 6,9 m.kr. undir áætlun.
 - 13 Atvinnumál eru 4 m.kr. undir áætlun.
 - 31 Eignasjóður er 35,3 m.kr. yfir áætlun. Skólahúsnæði ísafirði var 10 m.kr. yfir áætlun, íþróttamannvirki á Flateyri 10 m.kr. yfir áætlun og þjónusubbyggingar á Ísafirði 11,2 m.kr. yfir áætlun.
 - 33 Þjónustumiðstöð er 2,4 m.kr. undir áætlun.
 - 41 Hafnarsjóður er 7 m.kr. yfir áætlun og er það vegna rafmagnsdeildar sem er 8,2 m.kr. yfir áætlun.
 - 43 Vatnsveita er 7 m.kr. undir áætlun.
 - 53 Þjónustuíbúðir eru 1,5 m.kr. undir áætlun.
 - 55 Eyri hjúkrunarheimili eru 8,5 m.kr. undir áætlun.
 - 57 Fasteignir Ísafjarðarbæjar eru 10,6 m.kr. undir áætlun.
 - 61 Fráveita er 4,2 m.kr. undir áætlun.
 - 63 Funi er 1 m.kr. undir áætlun.
- **Önnur rekstrargjöld** eru 10,8 m.kr. yfir áætlun:
 - 02 Velferðarsvið er 2,1 m.kr. undir áætlun sem dreifist á margar deildir
 - 21 Sameiginlegur kostnaður er 4,8 m.kr. undir áætlun þar sem ekki var haldin árshátíð
 - 28 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru 3,1 m.kr. undir áætlun vegna lækkunar á varúðarniðurfærslu viðskiptakrafna
 - 31 Eignasjóður er 14,8 m.kr. yfir áætlun þar sem starfslokasamningur sem gerður var á árinu var gjaldfærður í árslok varðandi þær greiðslur sem eiga sér stað á árinu 2021.
 - 43 Vatnsveita er 9,8 m.kr. yfir áætlun vegna aukningar í varúðarniðurfærslu viðskiptakrafna vegna óvissu krafna um áramótin.
 - 53 Þjónustuíbúðir Hlíf eru 6,3 m.kr. undir áætlun vegna áætlaðs hússjóðs sem var endurskilgreindur sem þjónustukaup.
- **Skattar og gjöld** eru 4,1 m.kr. yfir áætlun og eru 3,2 m.kr. af því vegna Eignasjóðs þar sem fasteignagjöldin voru hærri en áætlun gerði ráð fyrir.
- **Afskriftir** eru 7,2 m.kr. yfir áætlun.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru 58,6 m.kr. undir áætlun.

- 28 Aðalsjóður er með 11,3 m.kr. yfir áætlun sem skýrist af niðurfærðu hlutafé í Studio Dan að fjárhæð 15 m.kr. sem ekki var áætlað. Einnig voru áætlaðar 16,4 m.kr. arðstekjur frá Lánasjóði Sveitarfélaga sem ekki varð af.
- 31 Eignasjóður er 28 m.kr. yfir áætlun og eru 22 m.kr. af því vegna verðbótagjalda langtímalána og 6,8 m.kr. vegna verðbótagjalda innri lána.
- 57 Fasteignir ísafjarðarbæjar eru 10 m.kr. yfir áætlun og eru 9,6 m.kr. vegna hærri verðbótagjalda en var áætlað.

Söluhagnaður (tap) eigna

Söluhagnaður (tap) eigna er 129,5 m.kr. fram úr áætlun en sölutap vegna íbúða í Sindragötu er 107,9 m.kr. en söluhagnaður vegna 1 íbúðar hjá Fasteignum Ísafjarðarbæjar er 21,7 m.kr.

Greining á rauntölum 2020 og áætlun 2020 – Málaflokkayfirlit

	Ársreikningur 2020	Rekstrar niðurstaða áætlun 2020_MV	Mism.
Aðalsjóður			
00 - Skatttekjur	(3.578.290)	(3.482.427)	(95.863)
02 - Velferðarsvið	405.984	373.871	32.113
04 - Fræðslumál	1.958.601	1.853.921	104.680
05 - Menningarmál	171.425	184.936	(13.511)
06 - Æskulýðs- og íþróttamál	520.310	536.862	(16.551)
07 - Brunamál og almannavarnir	132.584	121.000	11.583
08 - Hreinlætismál	19.609	8.718	10.891
09 - Skipulags- og byggingarmál	49.057	57.714	(8.658)
10 - Umferðar- og öryggismál	302.425	304.202	(1.776)
11 - Umhverfismál	60.801	76.311	(15.510)
13 - Atvinnumál	45.157	51.420	(6.262)
20 - Framlög	21.966	22.062	(96)
21 - Sameiginlegur kostnaður	317.419	323.584	(6.165)
22 - Lífeyrisskuldbinding	168.227	69.772	98.454
27 - Óvenjulegir liðir	83.367	82.331	1.036
28 - Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(29.963)	(35.844)	5.882
Aðalsjóður samtals	648.679	548.431	100.248
Aðrir sjóðir A-hluta			
31 - Eignasjóður, rekstur	(110.233)	(217.606)	107.373
33 - Þjónustumiðstöð, rekstur	25.823	41.617	(15.794)
A-hluti samtals	564.270	372.442	191.828
Sjóðir B-hluta			
41 - Hafnarsjóður, rekstur	66.501	58.931	7.570
43 - Vatnsveita, rekstur	(22.278)	(22.570)	291
53 - Þjónustuíbúðir, rekstur	571	(10.499)	11.071
55 - Eyri hjúkrunarheimili, rekstur	4.540	10.230	(5.690)
57 - Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf.	14.745	(2.550)	17.294
61 - Fráveita, rekstur	(18.785)	(19.583)	799
63 - Funi, rekstur	(7.220)	(6.488)	(732)
67 - Byggðasafn Vestfjarða	5.714	(529)	6.243
B-hluti samtals	43.788	6.942	36.846
A- og B-hluti samtals	608.058	379.384	228.674

- **29 Aðalsjóður**, er með neikvæða rekstrarniðurstöðu upp á 648,7 m.kr. en áætlunin gerir ráð fyrir 548,4 m.kr. halla.
 - **00 Skatttekjur** – 95,9 m.kr. umfram áætlun, útsvar 40 m.kr. undir áætlun og jöfnunarsjóður 136 m.kr. umfram áætlun, sjá skýringu að ofan
 - **02 Velferðarsvið** – 32 m.kr. yfir áætlun. Flestar deildir velferðarsviðs voru reknar innan áætlunar fyrir utan barnavernd, matarþjónstu aldraðra og rekstur málefna fatlaðra. Barnavernd fór 4,6 m.kr. fram úr áætlun, matarþjónusta aldraðra 9 m.kr. fram úr áætlun og málefni fatlaðra 51,2 m.kr. fram úr áætlun. Sé málaflokkur fatlaðra tekinn út fyrir sviga er sviðið rekið rétt megin við núllið. Rekstur málefna fatlaðra nam 495 m.kr. með þátttöku í rekstri en greiðslur frá BsVest námu einungis 444 m.kr. Halli er því upp á 51,2 m.kr. á árinu 2020. Sjá töflu

Málefni fatlaðra

	2020_MV	2020	2019
02510 Mál.fatlaðra, sameiginlegt	53.599	43.734	55.308
02550 Stoðþjónusta	46.359	49.911	24.999
02561 Búseta Fjarðarstræti	64.673	66.961	62.281
02562 Búseta Sindrögötu	117.901	122.530	109.970
02563 Búseta Pollgata	120.697	120.404	88.542
02570 Skammtímavistun	23.592	19.411	32.418
02580 Hvesta	59.378	57.264	53.539
Samtalsgjöld	486.201	480.214	427.057
Endurgreiðslur frá BSV	(485.326)	(443.425)	(425.542)
Leiðréttar greiðslur v. árs	(485.326)	(443.425)	(425.542)
Niðurstaða reksturs	874	36.790	1.514
3% þátttaki rekstri af heildarupphæð	14.586	14.406	12.812
Rekstrarniðurstaða málefni fatlaðra	15.460	51.196	14.326

- **04 Fræðslumál** – 104,7 m.kr. yfir áætlun. Þar af er launakostnaður 91,4 m.kr. fram úr áætlun. Skólaskrifstofan er 11 m.kr. fram úr áætlun og er það vegna aukins launakostnaðar vegna námsleyfis sviðsstjóra og uppgjors hans sem ekki var áætlaður. Leikskólar eru 29 m.kr. fram úr áætlun og grunnskólar eru 31,3 m.kr. fram úr áætlun. Rekstur tónlistaskóla er 37,4 m.kr. yfir áætlun, en hluti þess er leiðrétting á bókun tekna frá jöfnunarsjóði sem áætlaðar voru 25,6 m.kr. en bókast meðal tekna á deild skatttekna. Lýðskólinn á Flateyri var 3,2 m.kr. undir áætlun þar sem lægra framlag var greitt til þeirra en var áætlað.
- **05 Menningarmál** – 13,5 m.kr. undir áætlun. Safnahúsið var 8 m.kr. undir áætlun vegna breytinga í starfsmannamálum og Aðrar hátíðir og ýmsir styrkir voru 5,2 m.kr. undir áætlun vegna covid.
- **06 Æskulýðs- og íþróttamál** – 16,5 m.kr. undir áætlun. Vinnuskólinn fór 12,1 m.kr. umfram áætlun vegna m.a. átaksstarfa v. covid. Skíðasvæðið var 13,7 m.kr. undir áætlun vegna covid lokunar. Golfvöllir fóru 3,7 m.kr. fram úr áætlun vegna aðkeyprtar þjónustu sumarstarfsmanns sem ekki var áætlaður. Félagsmiðstöðvar fóru 2,8 m.kr. fram úr áætlun vegna vanáætlunar á innri kostnaði. Sundlaugar voru 5,1 m.kr. undir áætlun, íþróttahús og íþróttasvæði voru 24 m.kr. fram úr áætlun vegna lægri tekna út af covid og HSV og önnur íþróttafélög voru 40,6 m.kr. undir áætlun vegna minni nýtingar v. covid.
- **07 Brunamál og almannavarnir** – 11,6 m.kr. yfir áætlun. Sjúkraflutningar voru 7,5 m.kr. yfir áætlun vegna aukins kostnaðar og lægri tekna en áætlað var. Slökkvitækjaþjónustan var 4 m.kr. fram úr áætlun vegna minni seldrar vinnu en áætlað var.
- **08 Hreinlætismál** – 10,9 m.kr. yfir áætlun. Eyðing sorps var 10,9 m.kr. fram úr áætlun.
- **09 Skipulags- og byggingamál** – 8,7 m.kr. undir áætlun og eru 5,2 m.kr. vegna lægri launakostnaðar þar sem ekki tókst að fullmanna bygginga- og skipulagsfulltrúa fyrr en um vorið. Malarnám, kirkjubóli er síðan 3 m.kr. undir áætlun þar sem minna var selt af efni og vegna umhverfismats sem ekki var áætlað.

- **10 Umferðar og öryggismál** – 1,8 m.kr. undir áætlun. Snjómokstur er 16 m.kr. fram úr áætlun vegna erfiðs veturs, viðhald gatna var 14,1 m.kr. undir áætlun og umferðamerkingar 2,9 m.kr. undir áætlun, gatagerðagjöld voru 2,3 m.kr. fram úr áætlun og götulýsing 3,1 m.kr. fram úr áætlun.
 - **11 Umhverfismál** – 15,5 m.kr. undir áætlun. Umhverfisnefnd er 3 m.kr. undir áætlun, almenningsgarðar 2,8 m.kr. undir áætlun, opin svæði 5,9 m.kr. undir áætlun, lóðahreinsun 4,4 m.kr. undir áætlun og skreytingar jól og aðrar hátíðir 3,7 m.kr. yfir áætlun en endurnýja þurfi töluvert af ljósum auk þess að bætt var við skreytingum.
 - **13 Atvinnumál** – 6,3 m.kr. undir áætlun. Atvinnumál almenn eru 2,4 m.kr. undir áætlun, tjaldsvæði 1,7 m.kr. undir áætlun og upplýsingamiðstöð vestfjarða 2 m.kr. undir áætlun.
 - **21 Sameiginlegur kostnaður** – 6,2 m.kr. undir áætlun. Helstu ástæður eru lægri kostnaður út af covid, ekki var haldin árshátíð, lítil ferðakostnaður, og ráðstefnu- og námskeiðsgjöld undir áætlun.
 - **22 Lífeyrisskuldbinding** – 98,5 m.kr. yfir áætlun, sjá skýringu að ofan.
 - **27 Óvenjulegir liðir** – 1 m.kr. yfir áætlun. Sölutap v. Sindragötu var 107,9 m.kr. og var ekki áætlað. Framlög frá ríki vegna snjóflóða námu 25 m.kr. og voru ekki áætluð. Áætlað var fyrir auknum launakostnaði, 60 m.kr. og auknum ófyrirséðum kostnaði 20,8 m.kr. sem ekki var úthlutað á deildir.
 - **28 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** – 5,9 m.kr. yfir áætlun. Áætlað var fyrir arði frá Lánasjóði sveitarfélaga 16,4 m.kr. sem ekki var greiddur út. Sölutap vegna Studio Dan var bókfært 15 m.kr sem ekki var áætlað. Vaxtatekjur voru 27,5 m.kr. umfram áætlun m.a. vegna fjármagns kostnaðar við Sindragötu 17,9 m.kr sem fært var á framkvæmdina. Afskrift viðskiptakrafna reyndist minni en áætlað var og var 3,1 m.kr. undir áætlun.
- **31 Eignasjóður** – er með jákvæða rekstrarniðurstöðu upp á 110 m.kr. en áætlunin gerir ráð fyrir 217,6 m.kr. afgangi, er því reksturinn 107 m.kr. lakari en áætlað var. Aðrar tekjur eru 7,7 m.kr. undir áætlun. Viðhaldskostnaður var 35,3 m.kr. fram úr áætlun, önnur rekstrargjöld 14,8 m.kr. fram úr áætlun, skattar og afskriftir 9,5 m.kr. fram úr áætlun og fjármagnsgjöld 38,2 m.kr. fram úr áætlun
 - **33 Þjónustumiðstöð** – er með neikvæða rekstrarniðurstöðu upp á 25,8 m.kr. en áætlunin gerir ráð fyrir 41,6 m.kr. halla, er því reksturinn 15,8 m.kr. betri en áætlað var. Millifærðar tekjur eru 27,6 m.kr. meiri en áætlað var en launakostnaður er 10,4 m.kr. fram úr áætlun.
 - **41 Hafnarsjóður** – er með neikvæða rekstrarniðurstöðu upp á 66,5 m.kr. en áætlunin gerir ráð fyrir 58,9 m.kr. halla. Reksturinn er því 7,6 m.kr. yfir áætlun. Laun og launatengd gjöld eru 4,4 m.kr. fram úr áætlun, þjónustukaup eru 9,4 m.kr fram úr áætlun, viðhaldskostnaður er 7 m.kr. fram úr áætlun en orkukostnaður er 6 m.kr. undir áætlun.
 - **43 Vatnsveita** – er með jákvæða rekstrarniðurstöðu upp á 22,3 m.kr. en áætlunin gerir ráð fyrir 22,6 m.kr. afgangi og er því á áætlun. Rekstrartekjur voru 7,8 m.kr. fram úr áætlun en rekstrargjöld voru jafnframt 8,2 m.kr. fram úr áætlun.

- **53 Þjónustuíbúðir** – er með neikvæða rekstrarniðurstöðu upp á 0,5 m.kr. en áætlunin gerir ráð fyrir 10,5 m.kr. afgangi. Reksturinn er því 11 m.kr. lakari en áætlað var. Aðrar tekjur eru 5,7 m.kr. undir áætlun. Laun og launatengd gjöld eru 5,1 m.kr. fram úr áætlun. Mikil breyting var á árinu á rekstrarformi þjónustuíbúða þar sem sveitarfélagið hætti að sjá um rekstur á húsfélögunum og hætti að reka verslun og urðu því ýmsar tilfærslur innan rekstursins sem erfitt var að áætla.
- **55 Eyri** – er með neikvæða rekstrarniðurstöðu upp á 4,5 m.kr. en áætlunin gerir ráð fyrir 10,3 m.kr. halla og er því rekstrarniðurstaðan 5,7 m.kr. betri en áætlað var. Helsta ástæða þess er frestun á áætluðu viðhaldi vegna klæðningar sem reyndist gölluð.
- **57 Fasteignir Ísafjarðarbæjar** – er með neikvæða rekstrarniðurstöðu upp á 14,7 m.kr. en áætlunin gerir ráð fyrir 2,5 m.kr. hagnaði. Helsta ástæða þess er söluhagnaður sem áætlaður var 40 m.kr. en einungis náðist að selja 1 íbúð og var því söluhagnaðurinn aðeins 18,3 m.kr.
- **61 Fráveita** – er með jákvæða rekstrarniðurstöðu upp á 18,8 m.kr. en áætlunin gerir ráð fyrir 19,6 m.kr. afgangi. Reksturinn var því á áætlun.
- **63 Funi** – er með jákvæða rekstrarniðurstöðu upp á 7,2 m.kr. en áætlunin gerir ráð fyrir 6,5 m.kr. afgangi. Reksturinn var því á áætlun.
- **67 Byggðasafn Vestfjarða** – er með neikvæða rekstrarniðurstöðu upp á 5,7 m.kr. en áætlunin gerir ráð fyrir 0,5 m.kr. afgangi. Reksturinn var því 6,3 m.kr. verri en áætlað var. Rekstrartekjur voru 2,7 m.kr. undir áætlun og rekstrargjöld voru 3,4 m.kr. yfir áætlun. Gerður var viðauki á árinu til að reyna mæta áhrifa covid þar sem engin skemmtiferðaskip komu og aðsóknin því langt undir áætlun.

Viðaukar 2020 – yfirlit

1. Ísland ljóstengt: kostnaður 5,5 m.kr. tekið af ófyrirséðum kostnaði, áhrif 0
2. Grænigarður starfsmannamál: kostnaður 1.085.773,-, tekið af ófyrirséðum kostnaði, áhrif 0
3. Styrkir til björgunarsveita og rauða kross: 4,9 m.kr., viðhald Funa fært á framkvæmdir, var vitl. Áætl.
4. Búnaður fyrir stjórnstöð aðgerðarstjórnunar: 500 þ.kr., tekið af ófyrirséðum kostnaði, áhrif 0
5. Blábankinn auka framlag: kostnaður 2 m.kr., tekið af ófyrirséðum kostnaði, áhrif 0
6. Verkefnastjóri á Flateyri: kostnaður 3,4 m.kr., 1,1 m.kr. tekið af óf.s.kostn., 2,26 m.kr. lækkun afgang
7. Akstursþjónusta fatlaðra: kostnaður 3,6 m.kr. v. nýs samnings, mætt með lækkun afgang
8. Byggðasafn Vestfjarða: tilfærsla í rekstri, áhrif 0
9. Gæsluvöllur: kostnaður 6.362.060,-, mætt með lækkun afgang
10. Bæjarskrifstofa: kostnaður við bæjarstjóráskipti 21.565.107,-, mætt með lækkun afgang
11. Snjómokstur: kostnaður 45,2 m.kr. mætt með lækkun viðhalds ES 4,7 m.kr, Vatnsv. 9 m.kr. og 31,5 m.kr mætt með lækkun afgang.
12. Útboð tölvukaup: kostnaður 13 m.kr. mætt með lækkun afgang.
13. Slökkvilið vaktir: kostnaður 8,2 m.kr. mætt með lækkun afgang.
14. Útkomuspá: v. Covid 19 samtals kostnaður 454.030.609,- mætt með lækkun afgang
 - a. Útsvar, tekjur lækkaðar um 76.251.737
 - b. Jöfnunarsjóður, tekjur lækkaðar um 151.041.289,-
 - c. Hafnarsjóður, tekjur lækkaðar um 159.941.887,-
 - d. Ófyrirséður kostnaður hækkaður um 30 m.kr.
 - e. Ófyrirséður kostnaður launa hækkuð um 36.795.696,-
 - f. Framkvæmdaáætlun lækkuð um 260 m.kr.
 - g. Lántaka lánasjóður, aukin lántaka um 467 m.kr. fyrir afborgunum ársins
 - h. Bankareikningar, handbært fé aukið um 273 m.kr.
15. Barnavernd: aukin kostnaður um 6.894.811,- mætt með lækkun afgang
16. Velferðarsvið málefni fatlaðra: aukin kostnaður, mætt með auknum tekjum frá BsVest, áhrif 0.
17. Hreystivöllur við Hlíf: tilfærsla á framkvæmdaáætlun, 6 m.kr., áhrif 0
18. Styrkur v. fjöldahjálpastöðvar: aukin kostnaður 1.328.000,-, mætt með lækkun afgang
19. Lýðskólinn Flateyri: aukinn kostnaður 6 m.kr., tekið af ófyrirséðum kostnaði, áhrif 0
20. Tónlistarfélagið: aukinn kostnaður 1.872.624,- kr., tekið af ófyrirséðum kostnaði, áhrif 0